

Vegagerðin, Vestursvæði
Borgarbraut 66
310 Borgarnes

Reykjavík, 15. maí 2020
UST202004-249/H.H.
09.07.01

Efni: Umsókn um leyfi til framkvæmda - Geitland - Hvítá

Umhverfisstofnun hefur móttekið umsókn Vegagerðarinnar, dagsett 27. apríl 2020, um leyfi til framkvæmda í Hvítá innan Geitlands.

Geitland er friðlýst sem friðland sbr. auglýsing nr. 283/1988. Óheimilt er að skerða gróður, trufla dýralíf og skemma jarðmyndanir nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Öll mannvirkjagerð og jarðrask er óheimil án leyfis Umhverfisstofnunar. Umferð vélknúinna ökutækja er óheimil utan vega og merktra slóða.

Lýsing verkefnis:

Vegagerðin áformar að endurgera veg 523-03 Hvítársíðuveg frá Hvítárbrú ofan Húsafells að Bjarnastöðum í Hvítársíðu og verður fyrsti kaflinn frá Hvítárbrú ofan Húsafells að bænum Kalmanstungu.

Núverandi varnargarður hefur nokkrum sinnum reynst full lágur og hefur komið fyrir að áin brjótist í gegnum garðinn með tilheyrandi skemmdum á veginum handan garðsins. Áður en farið er í framkvæmdir við endurbætur á veginum þarf að laga varnargarðinn til að fyrirbyggja að áin brjótist í gegn og valdi tjóni á veginum í framtíðinni. Friðlýsingamörk Geitland liggja út í Hvítá og því hluti framkvæmdarsvæðis innan marka Geitlands. Stefnt er að því að moka efni úr farvegi Hvítár austan við garðinn og upp á hann. Efnið yrði nýtt til að hækka garðinn og bæta í hann þar sem grafið hefur úr honum gegnum árin og umfram efni ef eitthvað verður yrði nýtt í fyllingar vegna vegagerðarinnar á veginum 523.

Framkvæmdin mun fara fram í sumar og verður unnin vestan Hvítár, þ.e. utan friðlýsta svæðisins. Ekki verður farið með tæki inn á bakkan austan árinnar, þ.e. innan friðlands. Notast verður við gröfu og jarðýtu við framkvæmdir.

Tíminn sem efnistakan og viðgerðin á garðinum tekur er frá 1. júní 2020 til 1. júlí 2020.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun telur að framkvæmdin hafi hverfandi áhrif á verndargildi svæðisins. Ekki er talið að framkvæmdin valdi skaða á friðlýsta svæðinu. Framkvæmdir eru utan alfaraleiðar og munu því ekki hafa áhrif á gesti á svæðinu.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Vegagerðinni fyrir sitt leyfi fyrir framkvæmdum innan Geitlands sbr. lýsingu hér að ofan 1. júní 2020 – 1. júlí 2020 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Gæta skal þess að framkvæmdin sé í samræmi við skipulagsáætlanir.
- Forðast skal að framkvæmdin valdi raski á árbakka innan friðlandsins sem kostur er.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökti berist ekki í jarðveg/vatn.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Allur akstur utan vega utan skilgreindars framkvæmdasvæðis er bannaður.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt óþarfa rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir er kr. 39.400.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst

Sigrún Ágústsdóttir
Sigrún Ágústsdóttir
forstjóri

Jón Björnsson
Jón Björnsson
þjóðgarðsvörður